

Fjölbreyttir kennsluhættir

Námskeið haldið í Grunnskólanum í Hveragerði
10. og 11. ágúst 2016



Skólaþjónusta Árnesþings í samvinnu með Skólastofunni Slf. 2016

Dagskrá

Miðvikudagur 10. ágúst

9:30 – 12:00

Hver eru helstu sóknarfærin? Ingvar Sigurgeirsson.

Nemendamiðað nám – einstaklingsmiðað nám – samvinna nemenda – teymiskennsla – upplýsingatækni – lykilhæfni – leiðsagnarmat eða ...?

12:00 – 13:00 Matarhlé – Grænmetissúpa, salat og brauð ☺

13:00 – 14:30

Hvert viljum við stefna? Hvað langar okkur mest að gera?

Hópavinna þátttakenda þvert á skóla.

14:30 – 15:00 Kaffihlé

15:00 – 16:00

Kynningar á áhugaverðu skólastarfi þar sem áhersla hefur verið á einstaklingsmiðað starf og teymiskennslu.

Kynning á námsmati í Kerhólsskóla. Alice Petersen og Ragna Björnsdóttir.

Kynning á útinámi í Bláskógaskóla á Laugarvatni. Emilía Jónsóttir, Hallbera Gunnarsdóttir og Margrét Harðardóttir.

Fimmtudagur 11. ágúst

9:00 – 11:30 Málstofur

1. **Teymiskennsla.** Þórhildur Helga Þorleifsdóttir - stofa 10
2. **Nemendamiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir.**
Lilja M. Jónsdóttir - stofa 9
3. **Samvinnunám.** Aldís Yngvadóttir - stofa 11
4. **Lykilhæfni og leiðsagnarmat.** Ingvar Sigurgeirsson -
Aðalsalur

11:30 – 12:00 Matarhlé – Lasagne, salat og brauð ☺

12:00 – 14:30 Málstofur

1. **Teymiskennsla.** Þórhildur Helga Þorleifsdóttir - stofa 10
2. **Nemendamiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir.**
Lilja M. Jónsdóttir - stofa 9
4. **Lykilhæfni og leiðsagnarmat.** Ingvar Sigurgeirsson -
Aðalsalur
5. **Upplýsingatækni.** Björgvin Ívar Guðbrandsson -
Náttúrufyrirstofa

14:30 – 15:20

Hvert viljum við stefna? Hvað langar okkur mest að gera?

Hópavinna þátttakenda eftir skólum.

15:20 – 16:00 Kaffi og niðurstöður.

Stuttar lýsingar á málstofum

Teymiskennsla - Þórhildur Helga Þorleifsdóttir

Rannsóknir sýna að teymiskennsla er góð leið til að sinna nemendamiðuðu námi. Til að teymiskennsla nýtist sem best þurfa ákveðin grunnatriði að vera til staðar, farið verður yfir þau atriði og leiðir kennara til að takast betur á við að starfa í samstilltu kennarateymi. Einnig verður farið yfir hugmyndir um skipulag teymiskennslu og hagnýt ráð lögð fram.

Nemendamiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir - Lilja M. Jónsdóttir

Fjallað verður um hvernig koma megir til móts við ólíka nemendur með því að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir. Kynntar verða kennsluaðferðir sem virkja nemendur í námi sínu, þar sem skapandi starf, m.a. með aðferðum list- og verkgreina, verða kynntar með mikilvægi þess að leiðarljósi að nýta áhugahvöt nemenda og frumkvæði.

Samvinnunám - Aldís Yngvadóttir

Ávinningur samvinnunáms hefur lengi verið kunnur. Það gagnast vel í fjölbreyttum nemendahópum, eykur félagslega hæfni og áhuga nemenda og stuðlar að lýðræðislegum vinnubrögðum. Þátttakendum gefst tækifæri til að prófa nokkrar samvinnunámsaðferðir við fjölbreytt viðfangsefni og spegla eigið starf í þessum aðferðum og umræðum sem skapast. Einkum verður miðað við kennslu á mið- og unglingastigi en kennarar á öllum stigum geta nýtt sér þær hugmyndir sem fjallað verður um.

Lykilhæfni og leiðsagnarmat - Ingvar Sigurgeirsson

Í Aðalnámskrá grunnskóla er áhersla á að þjálfar og þroska það sem kennt er við lykilhæfni, þ.e. hæfni nemenda í að tjá sig, rökræða, beita gagnrýninni og skapandi hugsun, nýta ólíka miðla, vinna sjálfstætt og með öðrum og taka ábyrgð á eigin námi. Fjallað verður um dæmi um leiðir að markmiðum og mat á árangri. Byggt verður á raunverulegum dæmum úr skólum hér á landi og annars staðar.

Upplýsingatækni - Björgvin Ívar Guðbrandsson

Í aðalnámskrá grunnskóla er litið á upplýsinga- og tæknimennt sem þverfaglegt námssvið. Litið verður yfir landslagið í núinu og mögulegri framtíð, farið yfir hvaða skref er hægt að stíga í dag og hvert sé mögulegt að stefna. Við veltum fyrir okkur hvort allir kennarar séu ekki í raun orðnir upplýsingatæknikennarar og hvernig hægt er að bregðast við því. Skoðuð verða raunveruleg dæmi um vinnu nemenda og kennara þar sem upplýsingatæknin er samþætt við aðrar greinar og hvaða jákvæðu áhrif það getur haft á nám nemenda.